



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2022
VEL22080020

Efni: Umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um drög að reglugerð um brottfall reglugerða á sviði félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Vísað er til máls nr. 127/2022 í samráðsgátt stjórnvalda er varðar drög að reglugerð um brottfall reglugerða á sviði félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Í drögum að framangreindri reglugerð er lagt til að fella úr gildi þrjár reglugerðir vegna þess að með tilkomu nýrra laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er fjallað með samræmdum hætti um málsmeðferð leyfisveitinga til einkaaðila í lögum. Þá er eftirfarandi tekið fram: *Jafnframt er hugmyndin að fella brott reglugerðir sem settar voru í tíð eldri laga um málefni fatlaðs fólks.* Er þá átt við um reglugerð nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra og reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Engar frekari skýringar eru veittar um ástæðu þess að fella á brott þessar reglugerðir, aðrar en að þær voru settar í gildistíð eldri laga.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gerir ekki athugasemdir varðandi brottfall þeirra reglugerða er lúta að setningu nýrra laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eins lengi og tryggt sé að kveðið sé á um þau atriði sem skipta máli í umræddum reglugerðum í nýjum lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur þó tilefni til að gera athugasemd við brottfall reglugerða nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra og reglugerðar nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu án þess að nýjar reglugerðir taki við af þeim. Hætta er á að það skapist ákveðið tómarúm ef að reglugerðirnar verða felldar úr gildi án þess að nokkuð komi í staðinn fyrir þær. Þau rök að fella eigi þær úr gildi einungis vegna þess að þær eru settar í tíð eldri laga eru ekki talin fullnægjandi að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á að framangreindar reglugerðir verði endurnýjaðar og uppfærðar m.t.t. nýrra laga og að þær verði felldar úr gildi samhliða gildistöku nýrra reglugerða.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllt,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Bára Sigurjónsdóttir

Bára Sigurjónsdóttir,
lögfræðingur